

Stjórnarfundur LH 31. mars 2006

12. fundur

Stjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mætt voru: Jón Albert Sigurbjörnsson, Haraldur Þórarinsson, Einar Ragnarsson, Sigfús Helgason, Sigurður Ævarsson, Halldór Halldórsson, María Þórarinsdóttir, Sigrún Valdimarsdóttir og Sigurður Sveinbjörnsson. Einnig sátu fundinn Guðrún Valdimarsdóttir og Sigrún Ögmundsdóttir.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt samhljóða.

2. Skógarhólar

Jón Albert sagði frá fundi með Þingvallanefnd um framtíð Skógarhóla. Nýjar forsendur eru fram komnar í málinu þannig að Skógarhólar eru aftur í biðstöðu enn um sinn. LH mun ekki leggja í kostnað fyrir en línur eru skýrari. Formaður óski eftir fundi með Birni Bjarnasyni formanni Þingvallanefndar.

3. Fulltrúar LH á ÍSÍ þing - kjörbréf

LH á 7 fulltrúa á þingið. Stjórnarmenn og Sigrún Ögm. mæta á þingið og Sigrúnu falið að ganga frá kjörbréfi.

4. Meiðsli á hrossum

Umræða um meiðsli hrossa í tengslum við sýningar og keppni hefur verið ávæð um undanförunu. Stjórn FEIF hefur borist skýrsla frá sænskum dýralæknum um að óvanalega mikið sé um sár hesta á HM. Samþykkt að óska eftir nánari útskýringum frá viðkomandi lækni og sundurliða fjölda munnsára, ágripa og annarra meiðsla svo og fjölda skoðaðra hesta frá hverri þjóð.

5. Erindi frá Gæðingadómarafélagi LH

GDLH sendi stjórn LH erindi varðandi réttindamál gæðingadómara. Stjórnin telur að lögsaga í málinu sé hjá GDLH.

6. Æskulýðsnefnd LH

Vegna ágreinings sem upp kom hjá æskulýðsnefnd LH hefur formaður nefndarinnar, Sigurrós Jóhannesdóttir hætt störfum og hefur Helga B. Helgadóttir tekið við hennar starfi og staðfestir stjórnarfundur skipan hennar í stöðuna. Stjórn LH þakkar Sigurrósu frábært starf s.l. 4 ár og góða viðkyrningu og harmar að þessi staða skuli hafa komið upp. Ritara og Sigrúnu Ögm. falið að senda nefndinni bréf og óska eftir tillögum hennar um verklagsreglur við val á þátttakendum á FEIF Youth CUP og Youth CAMP.

7. Reiðvegagerð í Vestmannaeyjum

Formanni LH barst bréf frá Gunnari Árnasyni, hestaeiganda í Vestmannaeyjum þar sem hann óskar eftir að geta sótt um í reiðvegafé sem LH úthlutar, eftir að Vegagerðin benti honum á þá leið. Jón Albert svaraði bréfi hans og kynnti úthlutunarreglur LH, störf Ferða- og samgöngunefndar og vísaði honum að hafa samband við til formanns Suðursvæðis-vestur, Birgis Leó Ólafssonar.

8. Frakklandsferð um páskana

Jón Albert og Sigurður Sæmundsson fara í boði sendiherrans í Frakklandi og stórhestasamtakanna í Frakklandi í hestaferð um páskana. Þar munu þeir einnig hitta forsvarsmenn Íslandshestasambandsins sem eru að reyna að efla samtökin þar í landi.

9. Menntakerfi dómara í Noregi

Einar kynnti kennsluefni sem unnið hefur verið á DVD og er boðið til sölu. Einari falið að kynna dómaranefnd málið og bera síðan undir stjórn eftir viðbrögð nefndarinnar.

10. Alþjóðleg dómara ráðstefna 2007

Einar kynnti viðræður um samstarf LH og FT um að halda dómara ráðstefnu FEIF á Íslandi 2007. Einari falið að vinna áfram að málinu.

Mikil umræða varð um málefni dómara og kostnað þeim tengdum. Sigfús tekur að sér að safna upplýsingum um raunkostnað félaganna vegna mótahalds og undirbúa umræðuna áfram.

11. Stefnumótum LH

Fram kom í máli Jóns Alberts að LH nýtast ekki kraftar nýs framkvæmdastjóra fyrr en eftir næsta landsþing vegna anna við undirbúning Landsmóts. Einari og Haraldi falið að ræða málið við formann Landsmót ehf. og fá botn í málið fyrir næsta fund.

12. Önnur mál.

a. Mannvirkjamál

Mannvirkjanefnd kallar eftir ábendingum frá stjórn LH um staðla fyrir Íslandsmót og Landsmót. Sigfús fór yfir málið og stjórn samþykkir að fela Sigurði Ævarssyni, Einari og Sigfúsi að afgreiða málið á miðvikudag.

b. Fagræð í hrossarækt

Jón Albert fór yfir sögu málsins, hvernig það hefur þróast og ósk LH um aðild að fagræði. Málið virðist standa fast hjá Landbúnaðarráðuneytinu. Jón Albert og Haraldur halda áfram með málið.

c. Kjörnefnd fyrir landsþing LH

Jóni Alberti falið að tala við Guðmund Hagalínsson vegna kjörnefndar.

d. Reiðhallir

Jóni Alberti falið að senda bréf til formanns úthlutunarnefndarinnar og benda á vankanta lokafrests umsókna.

e. Landsliðsnefnd

Stjórn LH telur afar óeðlilegt að lesa um ráðningu landsliðsvalds í fjölmiðlum. Landsliðsnefnd starfar í umboði stjórnar LH samkvæmt skýrri reglugerð og ber landsliðsnefnd eins og öðrum nefndum LH að starfa samkvæmt reglum. Stjórn LH boðar tvo fulltrúa landsliðsnefndar á næsta stjórnarfund þar sem þeir geri grein fyrir störfum nefndarinnar.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Einar Ragnarsson
Fundi slitið 16:30*